



Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 6 Dags. 10.12.2020

Fundarstaður: Teams-fundur, kl 14:00.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Fjárhagur sjóðs og staða
3. Matsferli og starfsáætlun 2021
4. Önnur mál

Formaður bauð nefndarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða verkefna

Verkefnastjóri fór yfir styrkt verkefni og greindi frá stöðu þeirra. Rætt um að gera lokaskýrslur verkefna aðgengilegar stjórn. Samþykkt að fá upplýsingar um lögmæti þess að birta opinberlega lokaskýrslur verkefnanna sé eftir því óskað.

2. Fjárhagur sjóðs og staða

Formaður mun skoða ávöxtun sjóðsins með sveitarstjóra. Búið er að greiða um 7,4 milljónir til verkefna auk stjórnarlauna.

Formaður mun fyrir næsta fund skoða samninginn við Fljótsdalshrepp og hvernig umsýsla sjóðsins fellur að Fögur framtíð í Fljótsdal.

Samþykkt að til ráðstöfunar árið 2021 verði kr. 12.000.000.-

3. Matsferli og starfsáætlun 2021

Starfsáætlun 2021 rædd og samþykkt. Í stað samfélagsþings verði haldinn zoom fundur. Farið yfir þau verkefni sem fengu styrk og hvaða áherslur verða árið 2021. Farið verður yfir umsóknarskrifin og hvatt til þess að sækja um í aðra sjóði - nefna nokkra sem dæmi. Það styrkir umsókn ef fjármagn hefur áður fengist í verkefnið. Lagfæra umsóknareyðublaðið miðað við þá áherslu.

Lögð var áhersla á það við stofnun sjóðsins að veita slaka við umsóknir í fyrstu atrennu en eftir fyrstu úthlutun yrðu gerðar meiri kröfur. Mikilvægt er að það komi einnig skýrst fram í kynningu í tengslum við auglýsingar um umsóknir 2021.



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

Boðið verður upp á vinnustofur sem aðilar bóka sig á, eins og fyrir ári síðan.

Matsblaðið – Blaðið yfirfarið og lagfært miðað við reynslu síðasta tímabils. Þeir liðir sem eru endurskoðaðir og lagfærðir eru innan B liðar; Áhrif verkefnisins og menningarlegt/lístrænt gildi. Einnig C liðurinn þar sem teknir eru út liðirnir Samfélag og Samvinna en bætt í áherslu Fagrar framtíðar í Fljótsdal. Stigagjöfin jafnframt endurskoðuð og lagfærð.

Bókun: Sjóðstjórn hvetur sveitarstjórn til að bæta enn ferkar í Samfélagssjóðinn til að geta styrkt með enn myndarlegri upphæð öflugar verkefnahugmyndir.

Auglýsing – Grunntexti yfirfarinn og samþykktur.

Fréttatilkynning – Texti yfirfarinn. Rætt um fyrirkomulag kynningar.

4. Önnur mál

- a. Rætt um mikilvægi þess að koma saman í eigin persónu á nýju ári.

Stjórnarmenn lýsa ánægju sinni með það hversu vel sjóðurinn hefur farið af stað og hversu mörg áhugaverð verkefni hafi komið fram. Þrátt fyrir Covid hafi áhrif hans almennt verið jákvæð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40.

Ásdís Helga ritaði.